

Vöktunaráætlun Fiskeldið Haukamýri

1. Inngangur

Fyrirtækið Fiskeldið Haukamýri ehf. (kt. 660706 - 1190) er með starfsleyfi fyrir seiða og matfiskeldi á laxfiskum, slátrun og vinnslu að Haukamýri, Húsavík.

Vöktunaráætlun vegna umhverfisáhrifa eldis, slátrunar og vinnslu Fiskeldis Haukamýri ehf., er skipt niður í tvo verkþætti:

- Sýnataka í frárennsli
- Sýnataka í strandsjávarvatnshloti

Sýnataka og mælingar eru framkvæmt með verklagi sem sem Umhverfisstofnun samþykkir.


Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 850 tonn samkvæmt fyrirliggjandi starfsleyfi.

Staðsetning eldis laxfiska, slátrunar og vinnslu Fiskeldisins Haukamýri ehf. er á Haukamýri á Húsavík (mynd 1).



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir athafnasvæði Fiskeldisins Haukamýri.

Viðtakinn er Skjálfandi sem hefur vatnshlotsnúmerið 102-1366-C (mynd 2).



Mynd 2. Vatnshlot númer 102-1366-C.

2. Vöktun

2.1 Sýnataka í ferskvatni

Mælingar

Mældar eru svifagnir og lífrænt efni (COD), magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total).

Tíðni

Mæla skal a.m.k. einu sinni á ári en fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6. starfsleyfis.

Sýnataka

Vegna losunar næringarefna skal taka sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Frágangur á sýnum sem send eru til efnagreiningar hjá viðurkenndu efnagreiningafyrirtæki er skv. leiðbeiningum rannsóknastofu.

Viðmiðanir

Leysanlegur fosfór <0,3 MG/L

Losun fosfórs í frárennslis má ekki fara yfir 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári.

COD5 Lífrænt efni RÆN EFNI <30 MG/L

TSS fastaefni <15 MG/L

Viðbrögð

Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennslis við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5 í starfsleyfi, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun.

2.2 Sýnataka úr strandsjávarvatnshloti

Í strandsjávarvatnshlotinu skal starfsleyfishafi vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó svo hægt verði að skera úr um álag og ástandsmeta vatnshlotið.

Fyrir ástand sjávar fyrir utan Fiskeldi Haukamýri á best við: Vatnshlot af gerðinni CN1152 er strandsjór á vistsvæði 1 þar sem er opið fyrir öldu.

Mælingar

Í strandsjávarvatnshlotinu skal starfsleyfishafi vakta líffræðilega gæðapætti í strandsjó (níturat, fosfat, blaðgrænu A og tegundafjöldi og fjölbreytileiki hryggleysingja á mjúkum botni.

Tíðni

Skulu mælingarnar fara fram á sex ára fresti og hefjast á nýju almanaksári eftir útgáfu leyfis.

- Fjórar mælingar á Nitrat og Fosfat skulu gerðar á tímabilinu Janúar-Mars.
- Fjórar mælingar á Blaðgrænu A á tímabilinu mars-október.
- Ein mæling á Hryggleysingjum á tímabilinu mars-október þar sem teknar eru 3 botngreipar til mælinga.

Sýnataka

Sýni vegna eftirlits á strandhloti verða tekin út frá útrás landeldisstöðvarinnar í ca. 100 m og 200 m fjarlægð, mælt frá neðri mörkum stórstraumsfjörumörkum auk viðmiðunarsýnis sem tekið er utan áhrifasvæðis eldisins (mynd 3).



Mynd 3. Sýnatökustaðir við útrás frárennslis (1 og 2) og viðmiðunarstaður (3).

Sýnataka til mælinga á næringarefnun í sjó (NO₃) og (PO₄) og blaðgrænu verður í samræmi við leiðbeiningar í Kveri Hafrannsóknarstofnunar (KV 2022-19).

Viðmiðanir

Viðmiðunargildi eru fengin úr skýrslu Hafrannsóknarstofnunar Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar (HV 2022-39).

Viðbrögð

Komi í ljós að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið sín verður tíðni vöktunar í viðtaka endurskoðuð sbr. gr. 1.6 í starfsleyfi.

2.3 Niðurstöður úr sýnatökum

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3 í starfsleyfi, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársyfirlit eða skýrslu um grænt bókhald sbr. gr. 4.4 í starfsleyfi ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.